

Kæru foreldrar

Við í leikskólanum Dal erum með möppu fyrir hvert barnið sem fylgir því þar til það hættir í leikskólanum. Við setjum í hana verkefni sem tengjast námskránni okkar og þeirri þemavinnu sem við stöndum að í gegnum árin.

Við viljum biðja ykkur um að kaupa **1 hvíta harðspjalda (ca 5 cm á breidd- A4 - 4 ja gata)** og **20 stk af plastvösum** og koma með í leikskólann ásamt eftirfarandi upplýsingum svo við getum sett þær í möppuna.

**Fremst í möppunni á að vera mynd af barninu og upplýsingar um það,
mynd af mömmu og pabba og systkinum,
kannski ömmu og afa og t.d. gæludýrum.**

Sýnishorn – tillaga að því sem hægt er að gera.

Katrín Lilja Guðlaugsdóttir.

Fædd: 20. október 2004 kl. 23:40 í Hreiðrinu á Landspítalanum

Mamma: Lína Sveinsdóttir

Pabbi: Guðlaugur Þorleifsson (Gulli)

Systir: María Sif Guðlaugsdóttir (Mæja)

Bróðir: Ágúst Heiðar Guðlaugsson

Móðuramma: Sigríður Jakobsdóttir (amma Sigga)

Móðurafi: Sveinn Heiðar Gunnarsson (afi Svenni)

Föðuramma: Þorbjörg Finnsdóttir (amma Tóta)

Föðurafi: Þorleifur Gíslason (afi Leifi)

Svo á Katrín líka 2 langömmur á lífi. Amma Gyða og Amma Anna.

Mynd af barn

Ég á 1 systur og 1 bróður

Systir mín heitir María Sif. Hún fæddist á undan mér 21. júlí 1998

Ég kalla hana Mæju og við erum ótrúlega góðar vinkonur, stundum. Stundum erum við að rífast af því ég vil eiga allt sem hún á og gera allt eins og hún, ég gleymi stundum að ég er bara að verða 4 ára en ekki 10

Myndir af systkinum

Ég á líka bróður sem heitir Ágúst Heiðar. Hann fæddist líka á undan mér 10. janúar 1992. Hann er ótrúlega skemmtilegur og er rosalega duglegur að passa mig. Hann er samt þínu unglíngur og er svolítið mikið með vinum sínum.

Heimilið mitt

Mynd

Ég er ný flutt í Kópavog en áður átti ég heima á Neskaupstað

Ég á heima í Fjallalind 46

Í húsinu mínu á ég sérherbergi sem er uppáhalds staðurinn minn. Ég fékk líka nýtt prinsessu rúm sem er ótrúlega gott að sofa í.

Mynd

**Þið megið að sjálfsögðu hafa letrið eins og þið viljið, skrifa, líma og klippa eða vinna í tölvu
Endilega leyfið barninu að hjálpa til við upplýsingarnar og að velja myndir**

Þið setjið eins margar og miklar upplýsingar og myndir eins og þið viljið.

Gangi ykkur vel

Starfsfólk Dals

